



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG [skog@skog.is](mailto:skog@skog.is) - VEFFANG [skog.is](http://skog.is)

## **Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, Rvk. 12. apríl 2021 kl. 17:00. (Fundur nr. 8. frá Reykjavík)**

**Fundurinn var haldinn á Teams**

**Mætt: Jónatan Garðarsson, Nanna Sjöfn Pétursdóttir, Jens B. Baldursson  
(sem skráði fundargerð), Þuríður Yngvadóttir, Páll Inghór Kristinsson,  
Björn Traustason, Valgerður Auðunsdóttir, Kristinn H. Þorsteinsson,  
Brynjólfur Jónsson**

### **Fundargerð:**

#### **1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**

Fundargerðin var samþykkt með smávægilegum breytingum..

#### **2. Ársreikningur SÍ 2020 til undirritunar**

Verður undirrituð þegar fólk á leið um skrifstofu félagsins.  
Rætt um nokkrar athugasemdir skoðunarmanna m.a. hvort ekki sé tímabært að bjóða út símaþjónustu svipað og gert var við tryggingar og enduskoðun félagsins. Verður skoðað.

#### **3. Aðalfundur í Mosfellsbæ, staða**

Björn gerði grein fyrir stöðu mála. Drög að dagskrá aðalfundarins fylgir með fundargerðinni. Dagskráin er orðin nokkuð klár og verið að hnýta lausa enda. Forseta Íslands verður boðið á aðalfundinn.

#### **4. Félagsnet skógræktarféлага - stöðumat**

Elisabeth Bernard skýrsluhöfundur, Ragnhildur þýddi á íslensku. Hvernig er best að nýta plaggið? Sótt hefur verið um 2,5 milljóna styrk til að fylgja plagginu eftir. Ef styrkurinn fæst

ekki þá lýkur starfi Elisabetar í apríl. Nokkuð rætt um samskipti skógræktarfélaganna við sveitarfélögin sem eru ærið misjöfn. Lítil skógræktarfélög eiga oft í mesta basli með að hefja skógrækt vegna skipulagslaga o.fl.

**5. Stöðuyfirlit - bókar skógarsamskipta Íslands og Noregs**  
Þýðingu er lokið. Norðmenn kosta prentun. Óljóst hvort bókin kemur út á þessu eða næsta ári. Kostnaður er einhverjar milljónir en fengist hafa nokkrir styrkir. Líklegt að bókin þurfi að kosta 8 – 10. þús.

**6. Skógræktarritið - stöðuyfirlit**  
Staðan kynnt. Ætti að vera tilbúið fljótlega.

**7. Landgræðslusjóður, sagt frá framvindu mála.**  
Þuríður sagði allt gott að fréttu, flest mál þokast. Umsóknir verða afgreiddar á stjórnarfundi á morgun.

**8. Endurnýjaður félagasamningur við FÍN, til afgreiðslu**  
Engar athugasemdir komu fram. Samþykkt að formaður undirriti samninginn.

**9. Samstarfssamningur við Landvernd**  
Rætt um samninginn og nokkrar breytingar sem þarf að gera. Samþykkt að samþykkja samninginn með smávægilegum athugasemdum.

**10. Önnur mál m.a. Teams fundir skógræktarféлага**  
Nokkur ásókn er í að gera frísbý velli á skógræktarsvæðum. Galli að þetta veldur nokkrum skemmdum á trjám og þeir sem spila vilja jafnvel losna við falleg og verðmæt tré. Kristinn ætlar að taka saman greinargerð um þetta. Björn spurði hvort Náttúrufræðistofnun hefði sent frá sér neikvæða umsögn um stafafurur til Kópavogsbæjar. Brynjólfur sagði að fundað yrði með garðyrkjustjóranum á næstunni. Björn sagði að Mosfellingar ætluðu að endurskoða lögin. Lögfræðingar hefðu sagt að frumvarp hefði legið fyrir Alþingi um félög til almannaheilla eins og skógræktarfélög. Þau ætluðu að breyta sínum lögum í samræmi við væntanleg lög. Fram kom að reyna þarf að hindra að skógræktarfélög verði yfirtekin af fámennum hópi. Sérstök hætta hjá félögum sem eiga miklar eignir. Sí þarf að útbúa dæmi um lög sem skógræktarfélög geta nýtt sér. Slík dæma-lög eru til en þarf að uppfæra.

Rætt um fólk í atvinnuleit og erfiðleika við að halda því að verki ef það hefur verið ráðið í vinnu við skógrækt. Ekki þýðir að senda það eitt út í skóg að vinna, vön manneskja verður að fylgja þeim.